

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 12/2024

Reykjavík, 23.09.2024

Málsnúmer: 2024090319

Efni

Aðföng, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum Rema 1000 appelsínusafa í 1,5 l fernum.

Ástæða innköllunar

Galli er í umbúðum vörunnar.

Hver er hættan?

Galli í umbúðum getur gert matvæli óörugg til neyslu.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki: **Rema 1000**

Vöruheiti: **Appelsin Juice fra koncentrat**

Geymslupól: **Best fyrir 19.05.2025**

Lotunúmer: **V3444 00:00 (síðustu fjórir tölustafirnir er klukka sem er breytileg milli ferna)**

Strikamerki: **5705830017420**

Nettómagn: **1,5 lítrar**

Framleiðandi: **Rynkeby Foods A/S**

Framleiðsluland: **Danmörk**

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Aðföng, Skútuvogi 7-9, 104 Reykjavík.

Dreifing

Verðslanir Bónus um land allt.

Leiðbeiningar til neytenda

Neytendur sem keypt hafa umrædda vöru eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga en einnig geta þeir skilað henni í versluninni þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.

Nánari upplýsingar um innköllun

Gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600 eða í gegnum netfangið [gm\[hja\]adfong.is](mailto:gm[hja]adfong.is).

Mynd(-ir)

